

sem ég hefi ekki smakkað um langan tíma, og sem ég smakka máskæ aldrei oftár?"

Pilturinn fór að gráta, hann átti enn eftir að ganga nokkuð langan veg, áður en hann næði heim.

Þegar hann var búinn að hvíla sig litla stund, stóð hann upp í því skyni, að halda af stað aftur. Þá heyrði hann að vagn kom akandi, og beið.

"Ó", sagði hann, "ég vildi að þetta væri vinnjarnlegur bóndi, sem leyfði mér að fylgjast með lítinn spotta".

En vagninn, sem kom akandi út úr skóginum, var skrautlegur ferðavagn með 3 hestum fyrir og ökumann klæddan einkennisbúningi. Hann nálgast piltinn smátt og smátt.

"Einungis að ég þyrði nú að stökkva upp í vagninn að aftan", sagði litli pilturinn. "Það getur naumast verið mikil synd, — ég veit það ekki, því mamma hefir aldrei minnst á það. — En hún hefir sagt mér, að þegar mér detti í hug að gera eitthvað sem ég veit ekki hvort er rétt eða rangt, þá skuli ég ekki gera það fyr en ég er búinn að ráðfæra mig við hana. — Það er því best, að ég hætti við að stökkva upp í vagninn, — já, ég verð að hlýða henni góðu mömmu minni, og gera ekkert nema það, sem ég veit að er rétt. — En henni er kalt, hún er veik og svöng, og ég er ekki fær um að koma þessari þungu þyrði heim. Guð minn góður, hvað á ég að gera?"

Vagninn var nú kominn á móts við piltinn, sem stóð bak við tré við skurðinn. Ég held ég verði að stökkva upp í vagninn", hugsaði hann. "Það getur naumast verið stór synd". Hann gerði það því. Um leið og vagninn ók fram hjá trénu, lánaðist honum að komast upp í auða þjónssætið aftan á vagninum, og settist þar með vöndulinn á hnám sér. Hann var sárhræddur um, að einhver kynni að